

Jafnréttisáætlun skóla Reykjavíkurborgar.

Í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 skuldbindur skólinn sig til að fara eftir [Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar](#).

Stefnan skal kynnt öllu starfsfólki á hverju hausti og vera sýnileg á heimasíðu skólans.

Skólastjóri ber ábyrgð á að Mannréttindastefnunni sé framfylgt.

Að auki mun skólinn í samræmi við 22. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að nemar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum. Þá mun skólinn fræða nemendur sína um kynferðislega áreitni og kynbundið ofbeldi. Starfsfólk skal þekkja einkenni kynferðislegrar áreitni og kynbundins ofbeldis og hvernig ber að bregðast við grun eða vissu um slíkt meðal nemenda skólans. Nemendum skal ætíð vera ljóst hver réttur þeirra er og hvert þeir geta leitað innan og utan skólans komi slíkt upp.

Skólinn setur sér framkvæmdaáætlun hvert skólaár þar sem fram koma skýr og vel skilgreind markmið í samræmi við Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þar sé árangursmat skýrt, eftirfylgni tryggð og ábyrgð ljós.

Framkvæmdaáætlun leikskólans Hulduheima skólaárið 2014-2016

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að hafa fyrirlestur um jafnrétti og staðalímyndir.	Auður Magnús Auðard. verkefnastjóri jafnréttis. Fyrirlestur um jafnrétti, staðalímyndir og verkefnavinna.	Leikskólastjóri	12. nóv. 2014
Að kynna Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.	Farið yfir mannréttindi, staðalímyndir, fjölbreytileika mannlífsins og fordóma.	Leikskólastjóri	Haustönn 2014, 2015, 2016.
Að kynna og fara yfir fræðsluefni með börnum, foreldrum og starfsmönnum, aldurstengt efni.	Sýna og eða kynna myndbandið „Leyndarmálið“ (er á heimasíðu Rvk./SFS) Bláir strákar og bleikar stelpur – efni um jafnrétti og valfresli barna kynnt á foreldrafundi að hausti og starfsmannafundi.	Leikskólastjóri Deildarstjórar	sept./okt.

Að fræða börnin um mannréttindi í gegnum bækur og annað fræðsluefni.	Að ræða um mannréttindi og lesa bækur tengdar því efni og lesa bókina „Líkaminn minn“.	Deildarstjórar	okt. og febr.
Að kynna forvarnarefni frá „Blátt áfram“.	Farið yfir námskeið á skipulagsdegi frá Blátt áfram, forvarnaþjálfun gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum.	Leikskólastjóri/deildarstj.	Vorönn
Að syngja lög sem efla samkennd og vináttu.	Dropalagið, Myndin hennar Lísu, Vinalagið-skemmtilegast að leika sér, Knúslagið og fleiri lög.	Deildarstjórar	Árið um kring.
Að starfsmenn séu meðvitaðir um jafna stöðu kynja.	Hengja upp ljósmyndir af börnunum í starfi og leik með lýsandi texta um jafnræði.	Deildarstjórar	Árið um kring.
Að fara yfir allar bækur leikskólans.	Taka einn bókaflokk í einu og nota kynja- og staðalmynda gleraugun.	Allir starfsmenn	2015-2016

Þegar starfsfólk les bækur fyrir börnin sé það meðvitað um kynjamun, jafnrétti og fjölbreytni mannfólksins og ræði um það við börnin.